



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á ráðstefnunni  
„Hve glöð er vor æska?“  
Um stöðu barna í íslensku samfélagi  
Reykjavík  
3. mars 2006**

Ágætu ráðstefnugestir

Við þekkjum öll hve gríðarlegum stakkaskiptum íslenskt samfélag hefur tekið á undanförunum áratugum, hve framandi lífshættir og dagleg önn sem við töldum í æsku nánast ævarandi eru ungu fólki sem nú er að hefja skólagöngu, hve afgerandi breytingar á stöðu fjölskyldunnar hafa orðið.

Samt er nánast víst að umskiptin verða enn meiri í framtíðinni, tæknin stýrir í æ ríkara mæli tómstundum og heimilishaldi, hrynjandi vinnu og aðferðum í uppeldismálum. Alþjóðavæðingin hefur gert framandi lönd að kunnuglegum ströndum, áhrifin berast að úr öllum áttum og kynslóðin sem nú vex úr grasi mun hafa heiminn allan að athafnavelli.

Veit nokkur hvernig veröldin kann að verða um miðbik aldarinnar, hvað þá heldur þegar æskan sem nú er í leikskólunum lýkur ævistarfi? Er nokkur von til þess að við sem ólumst upp í fásinni lítilla sjávarþorpa getum skilið til hlítar þarfir og kröfur þeirra sem vanist hafa tölvunni, netinu og aðgangi að sjónvarpi og útvarpi frá mörgum löndum og þekkjja ekki aðra æsku en þá tíma þegar tæknin opnar fleiri dyr en stundir gefast til að ganga um?

Mín fyrsta lærdómsreynsla var að röltu fimm ára gamall vestur á fjörðum í einkatíma hjá vegaverkstjóra sem sat aðgerðarlaus á vetrum og beið þess að snjóa leysti, en stytta sér stundir við að kenna okkur krökkunum að lesa og skrifa og forskriftin voru ljóðlínur úr hinu þunga kvæði Einræðum Starkaðar eftir Einar Benediktsson og ef við kunnum ekki kvæðið utanbókar vorum við látin sitja eftir.

Nú þykir hins vegar eðlilegt að verja heilum vetri til að kynna krökkum helminginn af stafrófinu. Ég man að þegar dætur mínar voru að byrja í skólanum á Seltjarnarnesi sömdu þær við pabba sinn að segja ekki kennaranum frá því að þær kynnu að lesa því þægilegra væri að fylgja bara heftunum eins og hinir.

Þar með er ekki sagt að sögur úr fjölskyldu minni séu ákjósanlegur grundvöllur umræðna um menntastefnu og stöðu barna á okkar tímum þótt ég viti að margi búi að áþekkri reynslu. En hins vegar kann hún að vísa til spurninga sem við ræðum sjaldan:

Hvað geta börn í raun og veru? Hvenær er kominn tími til að láta þau glíma við erfiðar þrautir í námi og fræðslu? Höfum við ef til vill komið okkur upp kenningum sem hlífa börnum um of, koma í veg fyrir að þau fái að nýta snemma hæfileika sína til að læra?

Við spyrjum í heiti ráðstefnunnar: „Hve glöð er vor æska?“ – og vissulega er það fróðlegt og brýnt umræðuefni, en þurfum við ekki líka að spyrja: Hvað getur vor æska? Hvernig gerum við henni kleift að þjálfra og þroska hæfileikana sem í hverjum og einum búa og tryggjum að þau séu vel búin heiman til leiks á alþjóðavelli sem bíður þeirra?

Hvernig á að skilgreina skólastarfið þegar hver og einn getur frá fyrstu árum bernsku sinnar sótt sér í krafti tækninnar fróðleik og þjálfun um nánast hvað sem er, hvenær sem er og hvert sem er í veröldinni?

Hvað verður um lestrarkennslu þeirra barna sem hafa í nokkur ár notað tölvuna í leikskólanum eða heima hjá sér áður en þau byrja í grunnskólanámi?

Hvernig á hefðbundin enskukennsla að taka mið af því að ungir krakkar eru orðnir sleipir í hversdagslegum samræðum á enskri tungu áður en þeir ná tíu ára aldri þótt þeir hafi aldrei notið formlegrar kennslu?

Hvernig breytist staða kennarans þegar nemandinn hefur í fartölvu sinni aðgang að öflugri sjóði upplýsinga en fólst áður í gjörvöllu Landsbókasafni okkar Íslendinga?

Við gætum sjálfsagt áfram mótað spurningarnar og tengt þær heiti ráðstefnunnar sem hér hefst í dag – en vandinn verður að finna svör sem duga, því öll erum við í óvissuferð.

Eitt er þó víst og er kannski kjarni málsins: Við verðum að nálgast þessa nýju tíma með opnum huga, vera tilbúin að skoða allt sem til álita kemur, spyrja á gagnrýninn hátt hvort gamlir hættir dugi enn, vera reiðubúin að breyta starfsstíl og vinnulagi í takt við tækifærin sem nú eru í boði og verða munu enn fleiri í framtíðinni.

Skólanum er sannarlega mikill vandi á höndum, að vera í senn merkisberi nýrra tíma og akkeri í ólgusjó breytinganna, að flytja hið besta úr arfleifð okkar Íslendinga í hendur ungu fólki en gefa því um leið tækifæri til að blómstra sem sjálfstæðum heimsborgurum.

Skólarnir eru helsta aflstöð framfaranna, sá vettvangur sem mestu mun ráða um samkeppnishæfni Íslendinga á nýrri öld. Í menntuninni búa þeir eiginleikar sem örlögum ráða þegar þjóðir leggja drög að velferð og hagsæld. Úrslitin munu ráðast á skólaárum, löngu áður en komið er á vinnnumarkað. Sú virkjun sem áhrifaríkust verður um ókomin ár er í skólum landsins, ekki á fjöllum uppi.

Uppeldi og menntun hafa löngum verið sterkur þráður í menningu og þjóðarvitund Íslendinga, allt frá því að fornar sögur hófu til vegs orðspor fóstru og fóstara, þeirra sem þá önnuðust kennslu, voru að starfi uppalendur.

„Öllum kom hann til nokkurs þroska“, sagði Snorri Sturluson um Erling Skjálgsson og hefur það jafnan síðan verið hrós að sinna þannig samferðafólki.

Rannsóknir sérfræðinga um allan heim sýna að menntun æskufólksins er besta fjárfestingin, að þær þjóðir skara fram úr sem veita fræðslu og uppeldi forgang, líta á skólana sem helsta drifkraft hagsældar í framtíðinni. Jafnvel þjóðir sem skortir nánast allt sem oftast er til auðlinda talið hafa náð í fremstu röð með því að setja skóla og menntakerfi í öndvegi.

Það skiptir sköpum að við spillum ekki slíkri auðlind heldur ræktum hana og eflum á alla lund. Aðeins á þann hátt getum við tryggt efnahagslega framtíð Íslendinga, sýnt að við skiljum til fulls sannindin um að menntunin sé arðsamasta fjárfestingin sem völ er á, arðsamari en virkjanir, vegir og iðjuver svo dæmi séu nefnd um aðra eftirsóttu kosti.

Það dugir þó skammt að mæla fagurt um gildi menntunar í hátíðaræðum; við verðum að sýna í verki að þjóðin hafi einbeittan vilja í þessum efnunum.

Við verðum að skapa víðtæka sátt um skólastarfið, þjóðarsamstöðu um úrvalsskóla, skóla sem eru úrval vegna gæða, aðgangsins sem er öllum opin, jafnréttisins sem þar ræður ríkjum, úrvalsskóla sem mismuna í engu vegna efnahags foreldranna.

Skólinn þarf að vera heildstæður vettvangur fyrir nám og fræðslu, tómsundur, íþróttir og listaiðju, þroska og þjálfun sem býr í hagin fyrir börnin á mörgum sviðum – í reynd lifandi uppeldisstöð þar sem foreldrar og ættingjar rétta hjálparhönd. Við getum í þeim efnunum margt lært af

öðrum þjóðum sem tengja betur saman heimili og skóla en við höfum náð að gera. Og það er ekki síður mikilvægt að tengja saman í eina heild það starf sem unnið er á vettvangi skólanna og í hvers konar listnámi, íþróttum og tómstundum svo að að vinnudagur barna verði samfelldur og ekki óhóflega langur.

Þjóðareining um skólastarfið er eitt brýnasta verkefni komandi ára og þar þurfa allir að koma að borði, ekki aðeins ríki og sveitarfélög, heldur einnig heimilin og atvinnulífið.

Við megum ekki halda áfram að vísa ábyrgðinni á aðra, foreldrarnir á kennarana, skólarnir á heimilislífið, sveitarfélögin á ríkið og ríkið á hina.

Við erum öll samábyrg og efling skólastarfsins er lífsnauðsyn fyrir okkur öll. Við þurfum að styrkja það til að geta um leið bætt heimilisbraginn, aukið samheldni og lífsfyllingu fjölskyldna, gert ungingana sjálfstæðari og hlynntari heilbrigðu og hollu lífi, forðað þeim frá hættum sem búa í undirheimum, skuggaveröld sem æ oftast lamar líf æskufólksins.

Þótt heimur tækifæranna bíði nú unga fólksins eru hættur líka meiri en áður. Það er á ýmsan hátt erfiðara að vera ungur um þessar mundir. Foreldrarnir vinna yfirleitt bæði úti, afar og ömmur eru önnur kafin og hraðinn og áreitið ólíkt meira en áður var.

Umræðan sem hér fer fram á ráðstefnunni er því ærið brýn og vonandi mun hún halda áfram.

Hér hafa öflugir aðilar tekið höndum saman og ráðstefnan er hvatning til að við höldum vöku okkar, sameinumst um að setja málefni barna allra fremst í forgangsröð.